

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem staðfest var 3. nóvember 1999 nr. 757.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Markmið Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs og íbúa sérstaklega hafðar í huga. Lögð skal áhersla á að sem flestir íbúar Vestfjarða hafi aðgang að þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar óháð búsetu. Fræðslumiðstöðin hafi enn fremur forgöngu um fjarkennslu á sem flestum sviðum.

5. gr. orðist svo:

Við Fræðslumiðstöðina skal starfrækja fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum stofnaðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að ákveða meginþætti í stefnu og starfstilhögun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

6. gr. orðist svo:

Fulltrúaráðið skipar 5 manna stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða til tveggja ára í senn og skal stjórnin þannig skipuð: Þrjú aðalfulltrúar og þrjú til vara kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs. Einn aðalfulltrúi og einn til vara tilnefndur af skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði. Formaður fulltrúaráðs á sjálfkrafa setu í stjórn og er varaformaður fulltrúaráðs varamaður hans. Stjórnin skiptir með sér verkum.

10. gr. orðist svo:

Reikningsár Fræðslumiðstöðvarinnar er frá 1. janúar til 31. desember. Reikningar miðstöðvarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Senda skal endurskoðaða reikninga til Ríkisendurskoðunar að loknum aðalfundi. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

11. gr. orðist svo:

Aðalfundur fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvarinnar skal fara fram ár hvert í mars og boðar formaður fulltrúaráðsins til fundarins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfund skal boða aðalmenn og varamenn og hafa þeir síðarnefndu málfrelsi og tillögurétt. Með fundarboði aðalfundar skal senda áritaða reikninga. Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Breytingar á reglum miðstöðvarinnar.
4. Kosning formanns og varaformanns fulltrúaráðs.
5. Kosning stjórnar og löggilts endurskoðanda.
6. Starfsáætlun næsta árs.
7. Önnur mál.

12. gr. orðist svo:

Skipulagsskrá Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um breytingar þurfa að berast stjórn fyrir miðjan febrúarmánuð ár hvert. Senda skal breytingartillögur út með fundarboði aðalfundar. Tillögur skoðast samþykktar ef 2/3 hlutar atkvæðisbærra manna samþykkja. Starfsemi miðstöðvarinnar verður einungis hætt ef aðalfundur samþykkir það með 2/3 hlutum atkvæða. Verði starfsemin lögð niður renna eignir hennar til eflingar endurmenntunar og símenntunar á Vestfjörðum.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, og breytingar á henni skulu einnig hljóta staðfestingu sama ráðherra.

13. gr. falli niður.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. október 2006.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*